

Tilvitnanir í greinar eftir erlenda fræðimenn.

Lawrence Lessig, prófessor við lagadeild Harvard háskóla:

“Aldrei hafði neitt þessu líkt gerst í sögu stjórnarskrárréttar. Ef lýðræði er vald þjóðar, og ef fullveldi lýðræðisþjóðar byggist á vilja þjóðarinnar, þá er þessi aðferð og þessi stjórnarskrá eins gild og ósvikin og stjórnarskrár annarra ríkja heimsins. Þó hefur Alþingi hafnað því að þessi stjórnarskrá skuli öðlast gildi. Þá kviknar spurning sem hver og einn sem berst fyrir lýðræði um heimsbyggð alla hlýtur að spyrja sig: með hvaða rétti?”

<https://www.visir.is/g/20161326580d>

Lena Ramstetter og Zoe Lofkofridi við háskólann í Salzburg:

“Íslenska aðferðin við beint lýðræði og aðild að ákvörðunum byggðist á allt öðrum skilningi á beinu lýðræði. Andstætt þjóðaratkvæðagreiðslum skipar hún ekki kjósendum í andstæðar fylkingar. Þess í stað byggðist íslenska aðferðin á umræðum, þar sem leitað var málamiðlana, og þær búnar til. Þetta er aðferð sem sundrar ekki, heldur sameinar.”

https://kvennabladid.is/2016/08/25/thatttaka-med-islensku-snidi-hvad-getur-stjornarskra-sem-samin-er-med-almennri-thatttoku-kennt-okkur-um-beint-lydraedi-efir-brexif/?fbclid=IwAR0-iB8JWY-y_KIxBPtC55CgGWsIx9PQe6_UeEYXoj1EUgEsfZv_uBeVJBE

Marc Fleurbaey, prófessor við Princeton háskóla:

“Stjórnarskárdrögin sem samin voru 2012 eru annað merkilegt og byltingarkennt afrek. Í því ferli var grasrótin lögð til grundvallar og kallaðir voru saman fjölmargir borgarar sem skilgreindu grunnildi þjóðarinnar. Síðan var kjörin fámennari nefnd sem hélt áfram að vinna við verkefnið með fáséðu gagnsæi. Árangurinn er einstök blanda alþýðlegrar visku og sérfræðipækkingar. Kannski er það þess vegna sem umrædd stjórnarskrá komst ekki í gegnum þingið. Hvað er í húfi? Ef til vill er það sjálft lýðræðið í innsta eðli sínu.”

<https://www.visir.is/g/2016160419529>

**Antoni Abat y Ninet, prófessor við lagadeild
Kaupmannahafnarháskóla:**

“Engum dettur í hug að þetta byltingarkennda ferli, sem Íslendingar áttu frumkvæðið að, verði auðvelt viðfangs, og framundan eru ýmsir farartálmar, en þegar upp er staðið er það vilji fólksins sem skiptir sköpum í lýðræðisríki. Sé það vilji Íslendinga að leggja til grundvallar stjórnarskrárdöggin sem þjóðin samdi getur enginn mannlegur máttur komið í veg fyrir að svo verði. Fyrir eða síðar verður sá texti samþykktur.”

<https://www.visir.is/g/2016160318733>

**D.A. Carrillo, S.M. Duvernay og B.V. Stracener, við
lagadeild Berkeley háskóla:**

“Það er grundvallaratriði í fulltrúalýðveldi að þjóðin feli stjórninni völd og að þeim sé beitt í þágu þjóðarinnar. Í þessu viðhorfi felst að þjóðin eigi rétt á að breyta eða bæta stjórnina þegar stjórnin hættir að þjóna tilgangi sínum. Það er kjarninn í fullveldi þjóðar. Þjóðin skóp stjórnina, stjórnin starfar í þágu þjóðar, og þjóðin hefur vald til að endurskapa hana.”

<https://www.visir.is/g/2016160439992/islendingar%2C-thad-skal-takast->

Arne Hintz frá Cardiff háskóla:

“Frá sjónarhóli Evrópubúa er Ísland tákn lýðræðis og framfara, nú þegar heimsálfan er nánast öll þjökuð af efnahagslegri óvissu, einræðistilburðum og ótta. Ný stjórnarskrá Íslands, stjórnarskrá þjóðarinnar, vísar heimsbyggðinni leið út úr kreppunni og til nýrrar uppbyggingar. Brýnt er að hún verði samþykkt – ekki bara vegna Íslendinga, heldur líka fyrir Evrópubúa og aðra.”

<https://www.visir.is/g/2016160519071>

Auk þess birtu fræðimenn við lagadeild Berkeley háskóla 8 greinar um gæði nýju íslensku stjórnarskrárinnar:

<https://www.visir.is/g/2017170809872/>

<https://www.visir.is/g/2017170819301/>

<https://www.visir.is/g/2017170909995/>

<https://www.visir.is/g/2017170919582>

<https://www.visir.is/g/2017171009544/>

<https://www.visir.is/g/2017170928651/>

<https://www.visir.is/g/2017171129886/>

<https://www.visir.is/g/2018692885d>